

Til nemenda og forráðamanna nemenda við Myndlistaskólann í Reykjavík.

Einn af kennurum skólans er kominn í sóttkví. Viðkomandi kom heim úr skíðaferð í Ölpunum 1. mars s.l. frá svæði sem á þeim tíma var ekki talið viðsjárvert.

Nú hefur allt Alpasvæðið verið skilgreint sem hættusvæði og því kemur kennarinn ekki til starfa aftur fyrr en eftir 15. mars. Kennarinn er við hestaheilsu og veit ekki til þess að nokkur af samferðafólki sínu hafi greinst með veiruna.

Tilvikið kallar því ekki á að nemendur eða samstarfsfólk fari í sóttkví.